

FRÆÐSLUHERFERÐ UM STAFRÆNT KYNFERÐISOFBELDI OG 112 APPIÐ

UPPLÝSINGAR OG LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG SKÓLAFÓLK
SKÓLAÁRIÐ 2021-2022

Þessi fræðsluherferð er hluti af aðgerðum gegn stafrænu ofbeldi á Íslandi sem stjórnvöld hafa falið embætti ríkislögreglustjóra. Meðal annarra aðgerða sem unnið er að er markviss þjálfun lögreglumanna í að fást við stafræn brot og bætt aðstoð fyrir þolendur.

HVAÐ ER UM AÐ RÆÐA?

Lögreglan og Neyðarlínan hafa útbúið glærukynningu sem er ætlað að vera forvörn gegn stafrænum birtingarmyndum ofbeldis. **Hér er glærukynningin.** Þar er gagnvirk forvarnarmyndband og ábendingar um frekara fræðsluefni. Auk þess er 112 appið kynnt.

EFNI FRÆÐSLUNNAR SEM BEINIST AÐ 8. BEKK:

- Samþykki er lykilatriði í öllum stafrænum samskiptum og það má ekki útbúa eða dreifa viðkvæmu efni stafrænt nema með samþykki.
- Samþykki er kjarninn í öllum kynferðislegum samskiptum.
- Við berum ábyrgð á því sem við gerum á netinu, þó hún sé mismunandi eftir því á hvaða aldri við erum. Það er margs konar ábyrgð, ekki aðeins refsíábyrgð.
- Það verður að tilkynna brot. Það verður best gert til 112: í appinu, á vefnum eða í símtali.**
- Mikilvægt er að sinna öryggi í sínum og öllum stafrænum samskiptum.

AF HVERJU NEMENDUR Í 8. BEKK?

SAFT sinnir fræðslu á fyrsta stigi og miðstigum skóla um netöryggi og stafræn samskipti. Í mörgum skólum er **kynfræðsla** á **unglingastigi** Niðurstöður **Rannsókna og greininga** benda til þess að veruleg aukning verði í klámneyslu stráka í 9. bekk og þá aukist einnig þrýstingur á stelpur að deila kynferðislegu myndefni. Í 8. bekk eru nemendur almennt nógu gamlir til þess að nota samfélagsmiðla (**viðmiðið er 13 ára**) og líklegast er það einnig á þeim aldri sem unglingar á Íslandi fara að nota síma án fjölskyldustillinga. Þetta er því kjörinn aldur til þess að ræða við nemendur um ábyrgð í stafrænum samskiptum.

PRAKTÍSK ATRIÐI

Glærusýningin er í Canva og við ætlum u.þ.b. 40 mínútur fyrir fræðsluna.

Þú þarft að vera með net- og hátalaratengda tölvu með skjá sem krakkarnir geta horft á efnið í, þegar þú smellir á slóðina opnast glærusýningin og þú þarft að fletta á milli glæra. Myndbandið er á íslensku og kemur tvisvar í röð, í fyrra skiptið með pólskum texta og það seinna með enskum texta.

Athugaðu að gert er ráð fyrir að nemendur noti símann sinn til þess að skanna QR kóða til þess að svara spurningum og hlaða niður 112 appinu. Ef þú ert með símaleysisstefnu í tímum er hægt að spóla yfir þann tíma sem ætlaður er í spurningar í myndbandinu af Silju lögreglukonu (ath. þó að þegar 17 sekúndur eru eftir af skeiðklukkunni kemur hún í mynd með kleinhúring).

Glærusýningunni má deila með foreldrum en einblöðungar ætlaðir foreldrum hafa einnig verið gefnir úr á íslensku, ensku og pólsku.

LYKILATRIÐI UM STAFRÆN SAMSKIPTI OG 112 APPIÐ

SAMFÉLAGSMIÐLAR

- Samfélagsmiðlar eru ekki allir eins. Þeir setja oft sínar eigin reglur og hvernig megi nota miðilinn. Samfélagsmiðlar þróast og breytast eins og samfélagið og mismunandi miðlar eru vinsælir hjá mismunandi hópum.
 - Þó að miðill sé í útlöndum gilda samt íslensk lög um íslensk samskipti.
 - Samkvæmt íslenskum lögum þarf einstaklingur að vera að minnsta kosti 13 ára til þess að nota samfélagsmiðla. Þó það sé erfitt að framfylgja þeim reglum, gilda þær.
 - Samfélagsmiðlar mega vera með hærri aldurstakmark vegna þess hvernig efni eða þjónusta er í boði þar.

NEKTARMYNDIR OG SAMÞYKKI

- Samþykki þýðir að annað hvort gefa leyfi eða fá leyfi.
- Það þarf alltaf að fá **samþykki fyrir öllu kynferðislegu**, líka á netinu.
- Það er ekki í lagi að senda öðrum nektarmynd, það þarf alltaf að fá samþykki.
- Það má ekki áframsenda mynd af öðrum nema með samþykki, jafnvel þó myndin sé óumbeðin.
 - Þó má alltaf senda myndina með tilkynningu til lögreglu, 112, barnaverndar og ábendingalínu Barnaheilla.
- Ef það eru fullorðnir sem senda börnum (undir 18 ára) nektarmynd þá er það alltaf ólöglegt og þarf að tilkynna til lögreglunnar.

HVER BER ÁBYRGÐ Á ÞVÍ SEM GERIST Á NETINU OG HVAÐ ER SAKHÆFI?

- Hver ber ábyrgð á sér, en alveg eins og úti á götu eða á fótboltavellinum geta orðið samstuð. Stundum er það einhverjum að kenna, stundum ekki.
- Við gerum öll mistök og ef við misstígum okkur þá er best að viðurkenna mistökin, fá hjálp og gera betur næst.
- Sakhæfi er hæfi einstaklinga til þess að bera ábyrgð þeim afbrotum sem þeir framja og hvort hægt sé að refsa þeim samkvæmt lögum.
- Sakhæfisaldur er 15 ár – þá er hægt að dæma fólk til refsingar, jafnvel fangelsisvistar og brot fer á sakaskrá.
- Þau sem eru undir 15 ára bera samt líka ábyrgð á því sem þau gera. Þá er það barnaverndarmál.
- Munum að hlutir geta haft afleiðingar þó það sé ekki bara í dómssal.
Til dæmis:
 - Á vináttu, fjölskyldu og nánasta umhverfi.
 - Í skólastarfi eða öðru skipulögðu starfi (td. íþróttastarfi).
 - Fyrir einstaklinga: líðan, tilfinningar, samskipti.

ÖRYGGI Á NETINU

- Öryggisstillingar í sínum eru eins og við notum bílbelti í bíl eða hjálm á hjóli.
 - Dæmi um öryggisstillingu:
 - Lokaður (e. private) reikningur á TikTok og foreldralæsing á App store.
- Notum gagnrýna hugsun og hlöðum ekki hverju sem er í símann.
- Hægt er að lesa meira um netöryggi á **112.is**.

HVERT ER HÆGT AÐ LEITA EFTIR AÐSTOÐ?

- Það er hægt að tilkynna til samfélagsmiðilsins sem er verið að nota, en starfsmenn þeirra vísa ekki áfram á aðstoð og úrræði.

Aðilar sem geta aðstoðað og kostar ekkert að leita til:

- **112.** Tilkynningu er beint áfram til viðeigandi barnaverndar. Þá er fenginn ráðgjafi frá barnavernd eða félagsþjónustu sem veitir barninu og fjölskyldunni stuðning. Líðan barna er alltaf höfð að leiðarljósi. Aðalatriðið er að stoppa ofbeldið með því að styðja við alla aðila, hvort sem þeir verða fyrir ofbeldinu eða beita því. Það þarf að gefa upp nafn en hægt er að biðja um að enginn annar fái að vita það.
- App, netspjall, heimasíða, símtal — **112.**
- **Hjálparsími og netspjall 1717.** Þar er opið allan sólarhringinn og hægt að tala í trúnaði um hvað sem er. Ekkert vandamál er of lítið eða of stórt.
- **Heilsugæslustöðvar.** Margar heilsugæslur eru með sérstaka móttöku fyrir ungt fólk á aldrinum 13-20 ára.
- **Ábendingalína Barnaheilla.** Þar er hægt að tilkynna um kynferðislegar myndir af börnum og unglingum á netinu.
- **Bergið headspace.** Bergið er stuðnings- og ráðgjafasetur sem aðstoðar ungt fólk.
- **Vopnabúrið.** Ráðgjöf og stuðningur við börn og unglinga sem glíma við einhvers konar vandamál.
- **Hinsegin félagsmiðstöð.** Fyrir öll ungmenni á aldrinum 13-17 ára sem vilja spjalla í félagsmiðstöð þar sem öll eru velkomin.

HVAÐ GETUR LÖGREGLAN GERT ÞEGAR EITTHVAÐ GERIST Á NETINU?

- Það fer eftir því hvað gerist á netinu. Lögreglan vill alltaf aðstoða fólk í vanda.
- Dæmi um það sem er hægt að gera:
 - Láta loka síðum.
 - Láta taka myndir niður.
 - Handtaka fólk og rannsaka brot.

Það gerist ekkert nema málin séu tilkynnt. Ef ekki í gegnum foreldra eða aðra fullorðna sem þau treysta þá: 112, lögregluna eða ábendingalínu Barnaheilla.

Með bestu þökkum fyrir samvinnuna, lögreglan og Neyðarlínan 112



Stjórnarráð Íslands
Þómsmálaráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnu-
markaðsráðuneytið

